SAMNINGUR UM SJÚKRAFLUTNINGA Á SVÆÐI HEILBRIGÐISSTOFNUNAR VESTFJARÐA

1. SAMINGSAÐILAR

1.1 Verkkaupi: Heilbrigðisstofnun Vestfjarða
Kt. 650914-0740
Torfnes
Ísafirði

1.2 Verksali: Ísafjarðarbær
Kt. 540596-2639
Hafnarstræti 1
Ísafirði

2. VERKEFNI

2.1 Verksali skal annast sjúkraflutninga fyrir verkkaupa skv. kröfulýsingu samnings þessa á svæði Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Þjónustusvæði verksala er frá Ísafjarðará í Ísafirði til Dynjandisheiðar í Arnarfirði. Innifaldir í sjúkraflutningum eru flutningar til flugvalla á þjónustusvæðinu og frá þeim. Slökkvilið Ísafjarðar mun annast framkvæmd samnings þessa. Áætlaður fjöldi sjúkraflutninga á starfssvæði Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða eru um 350 á ári.

2.2 Samningur þessi er gerður á grundvelli 2. mgr. 31. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, og 40. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál, og sbr. ákvæði laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga.

GÒ

3. FYLGISKJÖL

3.1 Fylgiskjal samnings þessa eru:
a) Kröfulýsing dags. 25. maí 2010, með áorðnum breytingum.
b) Kröfulýsing um útvegun og rekstur bifreiða og tækjabúnaðar til sjúkraflutninga, dags. 6. desember 2012.

3.2 Fylgiskjöl skv. gr. 3.1 telst vera hluti samningsins.

4. VERÐGRUNDVÖLLUR OG VERÐBÆTUR

4.1 Verksali tekur að sér sjúkraflutninga eins og þeim lýst í samningi þessum sbr. skilgreiningu í kröfulýsingu, fyrir kr. 43.000.000 á ári. Innifalið í þeirri tölu eru 350 sjúkraflutningar á ári. Fari sjúkraflutningur umfram þann fjölda er greiðslan fyrir hvern flutning kr. 50.000. Komi til þess sjúkraflutnings til Reykjavíkur skal semja sérstaklega um kostnað vegna þess.

4.2 Greiðslur miðast við verksali beri fulla fjárhagslega ábyrgð á rekstri sínum, þ.m.t. á greiðslu launa, lífeyrisskuldbindinga vegna starfsmanna sinna, starfstengdum kostnaði eins og t.d. launum staðgengla vegna veikinda, námsleyfa og námskostnaðar, svo og hugsanlegum bótakröfum frá notendum þjónustu.

4.3 Fjárhæð skv. gr. 4.1 er á lokaverðlagi ársins 2019. Frá og með árinu 2020 skal greiðsla verkkaupa skv. grein 4.1 breytast árlega í samræmi við launavísitölu hvers árs. Miðað er við að 90% sé vegna launakostnaðar og 10% sé framlag vegna annars kostnaðar. Samningurinn hækkar um hver áramót samkvæmt forsendum þeim sem lýst er að ofan, fyrst í janúar 2021.

4.5 Komi til verulegra breytinga á fjármögnun verkefnisins getur verkkaupi farið fram á viðræður um breytingum á samningnum.

5. GREIÐSLUTILHÖGUN

5.1 Greiðsla verkkaupa samkvæmt gr. 4.1 skal lögð inna bankareikning verksala nr.

0156-26-060. Verkkaupi greiðir verksala með jöfnum mánaðarlegum greiðslum fyrsta virka dag hvers mánaðar.

5.2 Verksali skal gera reikning fyrir þjónustu skv. gr. 4.1.

5.3 Hafi greiðsla ekki verið innt af hendi fyrir fimmtánda dag mánaðar ber verkkaupa að greiða hæstu lögleyfðu dráttarvexti.

GÓ

6. ÁBYRGÐ

6.1 Verksali ber alla ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, þar með talið verkum undirverktaka auk þess því tjóni er verkkaupi eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd þess.

6.2 Verksali skal hafa allar skyldutryggingar sem lög, reglugerðir og kjarasamningar kveða á um, þ.á.m. sjúklingatryggingu, skv. lögum nr. 111/2000, um sjúklingatryggingu, og reglugerð nr. 763/2000, um vátryggingu þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu samkvæmt lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu, sbr. og síðari breytingar. Verksali ber sjálfur kostnaði af tjóni sem hann tryggir sig ekki gegn.

6.3 Verksali framfylgir ákvæðum stjórnsýslulaga og upplýsingalaga og almennum reglum stjórnsýsluréttar vegna þeirrar stjórnsýslu sem honum er falið að annast og er hluti þeirrar þjónustu sem hann veitir samkvæmt samningnum.

6.4 Þegar samningur þessi tekur gildi er greiðsla sjúkratryggðra í kostnaði við sjúkraflutninga er nú 7.175 kr. fyrir sjúkraflutning, sbr. reglugerð nr. 1248/2019, um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Rauði kross Íslands sér um innheimtu gjaldsins. Verksala er heimilt að innheimta gjald fyrir þjónustuna hjá ósjúkratryggðum sjúklingum, sbr. reglugerð nr. 1249/2019, um heilbrigðisþjónustu við þá sem ekki eru sjúkratryggðir á Íslandi og greiðslur fyrir heilbrigðisþjónustu.

7. ÞAGNARSKYLDA

7.1 Verksali og starfsmenn hans skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd samnings þessa og leynt á að fara. Um þagnarskylduna gildi ákvæði 12. gr. laga nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga og 18. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og getur brot varðað refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. mgr. 30. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins.

8. FJÁRREIÐUR OG FJARHAGSLEGAR RÁÐSTAFNIR

8.1 Verksali skal afla samþykkis verkkaupa til hvers konar óvenjulegra fjárhagslegra ráðstafana í tengslum bið samninginn sem ekki verða leiddar beint af samningnum eða fara í bága við hann.

8.2 Um reikningshald og endurskoðun ársreiknings gilda ákvæði laga nr. 3/2006, um ársreikninga, og laga nr. 145/1994, um bókhald.

GÖ

9. UPPLÝSINGASKYLDA

9.1 Verksali skal ótilneyddur senda verkkaupa og Ríkisendurskoðun fyrir lok apríl ár hvert endurskoðaðan ársreikning ársins á undan, ásamt rekstrarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir framkvæmd samningsins. Í rekstrarskýrslu skal tilgreina eftirfarandi upplýsingar um fjölda flutninga eftir forgangi: fjölda sjúkraflutninga, fjölda sjúkraflutninga út fyrir þjónustuvæðið og fjölda millistofnanaflutninga. Jafnframt skal tilgreina árangur í viðbragðstíma.

10. VANEFNDIR VANEFNDAÚRRÆÐI

10.1 Ef verksali vanefnir samningsskyldur sínar, getur verkkaupi rift samningnum. Samningi þessum verður þó eigi rift nema vanefnd sé veruleg, enda hafi verkkaupi áður gert verksala viðvart skriflega og sett hæfilegan frest til úrbóta.

10.2 Hafi verkkaupi rift samningi vegna vanefnda verksala getur hann krafið verksala um þann kostnaðarauka sem af samningsrofinu kann að leiða og getur endurkrafið verksala um greiðslur sem inntar hafa verið af hendi frá dagsetningu viðvörunarbréfs skv. gr. 10.1. Verkkaupi getur og krafið verksala um bætur fyrir annað tjón eftir almennum reglum.

10.3 Ákvæði 10.1-10.2 gilda eftir því sem við á um vanefndir verkkaupa gagnvart verksala.

11. SKULDSKEYTING- UNDIRVERKTAKAR

11.1 Verksala er óheimilt, án samþykkis verkkaupa, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum samkvæmt samningu þessum í sinn stað, að hluta eða að fullu.

11.2 Ef verksali felur undirverktaka að taka að sér einstaka þjónustuþætti samkvæmt samningi þessum, að fengnu samþykki verkkaupa, breytast í engu samningsskyldur verksala gagnvart verkkaupa.

12. MEÐFERÐ ÁGREININGSMÁLA RÉTTARFAR

12.1 Mál er rísa kunna vegna brota á samningi þessum skulu rekin fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

13. BREYTINGAR Á SAMNINGI

13.1 Séu aðilar sammála um breytingar á ákvæðum samnings þessa, skal gera þær skriflega.

14. GILDISTÍMI

14.1 Samningurinn gildir frá 1. júlí 2020 til og með 31. desember 2024. Stefnt er að áframhaldandi samstarfi að samningstíma loknum.

15. UPPSAGNARÁKVÆÐI

15.1 Samningur þessi er uppsegjanlegur af beggja hálfu með a.m.k. tólf mánaða fyrirvara miðað við áramót, fyrst 31. desember 2020. Uppsögn skal vera skrifleg.

Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum og telst hvert um sig fullgilt frumrit samningsins. Eitt eintak skal vera í vörslu verkkaupa, eitt eintak í vörslu verksala og eitt eintak skal vera í vörslu heilbrigðisráðuneytis. Samningur þessi er undirritaður f.h. Ísafjarðarbæjar með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.

ÍSAFJARÐARBÆR BÆJARSTJÓRI

Ísafirði, 25. september 2020

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða

Bókun I

Veitt er undanþága á kröfu nr. 74 í kröfulýsingu með samningi þessum er varðar viðbragðstíma sjúkraflutninga af tegund F1 og F2, utan dagvinnu. Utan dagvinnutíma skal ekki miðað við viðbragðstíma eins og hann er skilgreindur í kafla 2.2. í kröfulýsingu, en gerð er krafa um boðunartíma eins og hann er skilgreindur í kafla 2.2. í kröfulýsingu með samningi þessum sé að hámarki 7 mínútur í 90% tilvika flutninga sem skilgreindir eru sem F1 og F2

Bókun II

F3 og F4 beiðni um sjúkraflutning á Þingeyri er með þeim hætti að einn sjúkrabíll er boðaður á vettvang. Ef um er að ræða F1 og F2 beiðni um sjúkraflutning á Þingeyri, er aftur á móti boðað til sjúkraflutnings bæði frá Þingeyri og frá Ísafirði, með tilheyrandi mannafla, a.m.k. fjórum mönnum.

Bókun III

Vegna krafna nr. 13. og 14 um þjálfun og menntun skal það skýrt að verksali sér um framkvæmd endurmenntunar starfandi vettvangsliða í byggðakjörnum á norðanverðum Vestfjörðum, þegar samningur þessi tekur gildi, í samráði við verkkaupa, á sama hátt og varðandi starfandi sjúkraflutningamenn.

Bókun IV

Samningsaðilar ákveða að hefja samningaviðræður vegna endurnýjunar samnings þessa í síðasta lagi 1. júlí 2024.